

Mál nr. 493/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar ökumanns og eiganda A

Ökumaður slasast þegar hún missti stjórn á torfæruhjólí þ. 28.7.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.11.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-11
2. Bréf V dags. 18.11.2011.

Málsatvik.

M segist hafa misst stjórn á torfæruhjólí sem hún ók á akstursæfingasvæði við Bolöldu. M segir að þegar hún ók torfæruhjólínu hafi engin keppni verið í “mótorkrossi”. M gerir kröfu um bætur úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A hjá V og bendir á að í umrætt sinn hafi hún verið að leika sér ásamt félögum sínum en ekki verið að æfa sig fyrir keppni. Í lögregluskýrslu kemur fram hjá vitni að M hafi verið á frekar hröðum kafla í brautinni, stokkið á palli og fipast í lendingunni og dottið. M ber með sama hætti. Í bréfi formanns mótorkjóra- og snjósleðasambandi Íslands kemur fram að í umrætt sinn hafi engin keppni verið í Bolöldu og svæðið aðeins opið til aksturs félagsmanna og gesta. V hafnar bótaskyldu og bendir á að A hafi verið tryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu ökumanns og eiganda þegar slysið varð. V segir að fyrir liggi upplýsingar um að M hafi verið þáttakandi í Íslandsmóti 2011 í Mótorkrossi og hafði keppt þrisvar þegar slysið varð og tvær keppnir eftir á mótinu og tveir dagar í næstu keppni þegar slysið varð. V telur ljóst að M hafi verið að æfa fyrir aksturskeppni í umrætt sinn og því sé ekki um bótaskyldu að ræða sbr. 12. gr. vátryggingaskilmála.

Álit.

Í 12.gr. vátryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um segir að vátryggingingin nái ekki til tjóns við kappakstur eða aksturskeppni né æfinga við slíkan akstur nema um annað sé samið. Í umrætt sinn var M á viðurkenndu akstursæfingasvæði við Bolöldu og var keppandi í Íslandsmóti í Mótorkrossi. Af lýsingu á tildrögum óhappsins að dæma og aksturslags M svo og þess að stutt var í næstu keppni verður ekki hjá því komist að telja að M hafi verið við æfingaakstur í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík 26.1. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.